

**Nr. 19-152 S 092 Herjólfur****Farþegi slasast á björgunaræfingu**

Skipaskr.nr. 2941 IMO nr. 9825099  
 Útgerð: Vestmannaeyjarferjan Herjólfur  
 Smiðaður: Pólland, 2019, stál  
 Stærð: 3270,0 bt.  
 Mesta lengd: 71,73 m Skráð lengd: 68,86m  
 Breidd: 15,09 m Dýpt: 5,10 m  
 Vél: ABB, 2400 kw, 2017.  
 Áhöfn: 11  
 Farþegar: 73



Herjólfur©NN

**Gögn:**  
 Gögn RNSA



Lokaskýrsla afgreidd á fundi 6. apríl 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Pálma K Jónssyni. Hilmar Snorrason og Hjörtur Emilsson tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

**Atvikalýsing:**

Þann 16. september 2019 var ferjan Herjólfur við landfestar í Hafnarfjarðarhöfn. Veður: VNV 10 m/s.


Haldin var björgunaræfing að beiðni Samgöngustofu. Sprengdur var upp björgunarbátur á bakborðssíðu skipsins og æfð rýming í skipinu með farþegum. Farþegarnir voru látnir renna niður MES rennu (*Marine Evacuation Systems*) sem lá ofan í björgunarbátinn (*sjá mynd 1*). Í þeirri aðgerð lenti einn farþeginn illa niður í bátnum og slasaðist á báðum fótum.



Mynd 1 Inngangurinn frá þilfari í MES rennu og niður í björgunarbátinn

**Við rannsókn kom fram:**

- að 73 farþegar tóku þátt í æfingunni og voru þeir á öllum aldri;
- að fallhæðin af þilfari skipsins niður í björgunarbátinn var um 7 metrar;
- að yfirstýrimaður stjórnaði inngöngu í rennuna og fór yfir það með hverjum og einum hvernig þeir ættu að bera sig að áður en þeir renndu sér niður rennuna;
- að fram kemur í leiðbeiningum að halda á höndunum beint út (*sjá handamerki á mynd 1 og leiðbeiningar mynd 2*) og sitjandanum aftur til að minnka ferðina niður rennuna;



Mynd 2 Leiðbeiningar um rétta aðferð í MES rennu

- að innan í rennunni voru þrengingar á nokkrum stöðum til að minnka ferðina;
- að slasaði lenti illa niður í björgunarbátinum með þeim afleiðingum að hann ökklabrotnaði á vinstri fæti og sleit vöðvafestingu á hægri fæti.

**Nefndarálit:**

Orsök slyssins er sú að slasaði náði ekki að minnka ferðina á sér í rennunni eins og leiðbeiningar gerðu ráð fyrir og lenti ofan í björgunarbátinum á of mikilli ferð.